

Hafnarfjarðarkaupstaður
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 HAFNARFJÖRÐUR

Garðabær, 12. september 2024
Málsnúmer: 202407-0044
LA

Efni: Tillaga að deiliskipulagsbreytingu á Hellnahrauni vegna borteiga Coda Terminal

Vísað er í tölvubréf frá Hafnarfjarðarkaupstað, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 18. júlí 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að breytingum á deiliskipulagi fyrir Hellnahraun, 3. áfanga, vegna borteiga Coda Terminal.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér áformaðar deiliskipulagsbreytingar þar sem lóðunum Borgahellu 25 og Tunguhellu 15-17 verður breytt í iðnaðarsvæði vegna borteiga fyrir Coda Terminal. Lóðirnar eru innan athafnasvæðis núverandi aðalskipulags Hafnarfjarðarkaupstaðs og nú þegar hefur yfirborði nútímahrauns að mestu verið raskað innan áðurnefndra lóða. Lagnaleiðir og vegslóði samsíða lögnum eru sýnd á uppdrætti og verða lagnir lagðar neðanjarðar meðfram jarðvegsmön sunnan við athafnasvæðið.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við tillögur að deiliskipulagsbreytingum á Hellnahrauni vegna borteiga.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur